

Kópavogi, 6. janúar 2025

Bæjarráð Kópavogs
Digranesvegi 1,
200 Kópavogi

Efni: Beiðni um styrk til varðveislu á heimildarmynd Marteins Sigurgeirssonar um sögu og endursmíði Kópavogsbúsins.

Lionsklúbbur Kópavogs stóð að endurnýjun Kópavogsbúsins í nokkur ár með myndarlegum fjárhagslegum stuðningi Kópavogsbæjar og stórfyrirtækja í Kópavogi og nágrenni. Tilgangur endurbyggingarinnar var tvíþættur, annars vegar að varðveita sögu hússins og hinsvegar að nýta húsið til góðra mála, nefnilega sem athvarf fyrir fjölskyldur langveikra barna sem dvelja í Rjóðrinu. Nú er þessu verki lokið og tvær glæsilegar íbúði í þessu merka húsi hafa verið teknar í notkun.

Þessu tengt setti Marteinn Sigurgeirsson saman áhugavert myndefni sem bæði segir sögu hússins og íbúa þess en einnig hefur myndin að geyma frásögn af endurbyggingunni frá því hún hófst og þar til henni lauk. Marteinn hefur lagt í töluverða vinnu við gerð myndarinnar og klúbburinn hefur mikinn áhuga á að kaupa myndina til sýningar og tryggja Marteini endurgjald fyrir vinnuna.

Kostnaður við myndina er 1,2 mkr. en vegna gildis hennar fyrir sögu Kópavogs vill Lionsklúbbur Kópavogs kanna hug bæjarráðs til hennar. Um leið og klúbburinn færir bænum þakkir fyrir rausnarlega aðkomu að endursmíði Kópavogsbúsins langar okkur félögunum að kanna vilja bæjarins til þátttöku í kostnaði við gerð heimildarmyndarinnar. Það kæmi sér vel ef bærinn sæi sér fært að styðja verkið með 500 þ. kr. framlagi.

Með kærum kveðjum,
Fh. Lionsklúbbs Kópavogs.

Ólafur Briem form.